



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 1.tbl.

Janúar 2013

Þorrablót Gnúpverja 2013

Þorrablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi

föstudaginn 25. janúar.



Húsið opnar kl.20.00 og dagskráin

hefst stundvíslega kl.20.45

Miðaverð er kr. 6.500



Ægt er að panta miða og senda kvittun á netfangið:

thorri2013@gmail.com

Éinnig taka eftirfarandi við miðapöntunum:

Aðalheiður í Bugðugerði s. 847-4305

Björgvin í Laxárdal s. 863-8275, 486-6078

Puríður í Hamratungu s. 861-0015, 486-6025



Ægt er að leggja inn fyrir miðunum á reikningsnúmerið:

kt. 100575-4939 0152-05-260570

Munið að senda kvittun á netfangið

Miðapantanir þurfa að berast fyrir þriðjudagskvöldið 22. janúar

Afhending miða fer fram í Árnesi

miðvikudaginn 23. janúar milli 18-20.

Athugið að þetta er „pokaball“ þar sem ekki er lengur bar í húsinu. Ekki verður sala á gosi.

Þorrablótsnefndin



Sljómsveitin
Blek og
Byttur mun
sjá um tón-
listarflutning



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árneshöfði
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opíð mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - jo@skeidgnup.is




Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf 10.feb. 2013.



Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir -frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri



Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúruferuð svæðisins.

Höfundar: Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst á skrifstofunni í Árneshöfði og kostar kr. 1.500,-

Tilvalið fyrir brottflutta. (-:|>*



Vantar þig sérstaka gjöf?



Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði.
Hálsfestar, hálskraut, eyrnalokka, armbönd, bókaerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fáast annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 8986047 / 4866047.

Vindmyllur.


Hlutverk sveitarstjórnarfólks er að taka ákvarðanir eftir að hafa gefið sér hæfilegan tíma til að setja sett sig inn í málin. Að ýta málum á undan sér eða reyna að koma ákvarðanatöku yfir á aðra er ekki vinnulag sem fólk á að temja sér. Auðvitað stendur fólk stundum frammi fyrir erfiðu vali við ákvarðanatöku sem fallið getur í misjafnan jarðveg hjá fólki, þá er ekki annað við að styðjast en sýna eigin sannfæringu. Eitt slíkt mál var til umfjöllunar á síðasta fundi sveitarstjórnar en það er hvort veita eigi leyfi til að reisa tvær vindmyllur í landi Vorsabæjar 1, sá sem óskar eftir að reisa myllurnar er mikill áhugaður um framkvæmdina auk þess sem hann hyggst reisa sér íbúðarhús á svæðinu og setjast þar að, væri það mikill fengur fyrir okkar samfélag ef hann og hans fjölskylda gerði það. Hins vegar eru ýmis rök á móti þessari framkvæmd, ein af þeim er að ekki er reynsla á Íslandi af rekstri slíkra mannvirkja en nú hafa tvær vindmyllur í álíka stærðarflokki verið reistar í okkar sveitarfélagi í tilraunaskyni á orkuvinnslusvæði við Búrfell, hvernig þær munu reynast við íslenskar aðstæður verður góður reynslubrunnur að byggja á til framtíðar.

Hávaðamengun er hlutur sem sumir hafa áhyggjur af, eftir þeim upplýsingum sem ég hef er tækninni stöðugt að fleygja fram í þeim efnum, en rétt er að taka fram að þær myllur sem sótt hefur verið um leyfi til að reisa eru ekki nýjar. Mér vitanlega hafa ekki verið lögð fram nein gögn til staðfestingar á því að þær þoli íslenskar aðstæður.

Það kann þó að vera þó ég viti ekki til þess. Rétt er að taka fram að sumstaðar hafa slík mannvirki verið að fjúka, ég er hins vegar með þessu alls ekki að segja að þessa myllur komi ekki til með að þola vel íslenskar aðstæður en teldi eðlilegt að Mannvirkjastofnun vottaði það. Mörgum þykja háspennumöstur sem blasa víða við í sveitarfélaginu til mikillar óþrýði og er að mörgu leyti hægt að taka undir það, slík möstur eru á bilinu 20 til 30 metra á hæð, vindmyllurnar eru um 75 metrar á hæð þannig að þær yrðu mjög áberandi á þeim stað sem sótt hefur verið um leyfi til að reisa þær á. Vissulega er það svo að fólk sem byggi í nágrenninu myndi sjálfsagt venjast þeim með tímanum, en hvort þessi framkvæmd myndi letja fólk frá því að setja sig niður á svæðinu er spurning sem vert er að velta fyrir sér. Að mínu áliti er ekki nægjanleg reynsla af rekstri slíkra mannvirkja hérlandis, auk þess eru mannvirkinn of áberandi á þessum stað til þess að ég geti fallist á að mannvirkið verði reist og lagði ég þess vegna til að aðalskipulagstillögunni yrði hafnað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Aðrir sveitarstjórnarmenn fóru þá sérstök leið að vísa aðalskipulagstillögunni til skipulags og bygginganefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps til efnislegrar umfjöllunar, þetta er mjög sérstök leið en ágæt til þess að reyna að losna við að þurfa að upplýsa fólk um skoðanir sína, rétt er að taka fram að ákvörðunarvald í þessu máli á að vera hjá sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps undan því getur fólk ekki vikist, það er hins vegar til fólk sem telur sig geta fengið hjálp að handan.

Í þessu máli er ekkert í vegi þess að taka ákvörðun og eru tvær leiðir í boði, önnur er að segja já, hin er að segja nei.

Gunnar Örn Marteinsson





Jólin alls staðar

Eldri barnakór Þjórsárskóla söng á tónleikunum Jólin alls staðar í Selfosskirkju miðvikudagskvöldið 19.

desember. Á tónleikunum komu fram söngvararnir Regína Ósk, Jógvan, Guðrún Árný Karlsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir ásamt hljómsveit.

Þetta var skemmtilegt og gott tækifæri fyrir kórbörnin að fá að taka þátt og upplifa svona tónleika og stóðu þau sig öll með mikilli þrýði.



Jólavikan

18. desember héldum við jólakaffi og boðið var upp á smákökur, sem nemendur höfðu bakað hjá Sigrúnu í heimilisfræði og heitt kakó. 19. desember var jólamatur í Árnesi. Við sátum öll saman og borðuðum góðan mat, hangikjöt, meðlæti og ís á eftir.

20. desember voru síðan litlu jólin, nemendur byrjuðu inni í stofu með kennurum sínum, kveikt var á kertum og hlustað var á jólasögu. Síðan var dansað í kringum jólatréð.



Olweusarverkefnið gegn einelti

Þjórsárskóli er byrjaður í innleiðingaferli í Olweusarverkefninu, sem er áætlun gegn einelti og felur í sér fræðslu, vitundarvakningu og fæmipjálfun starfsfólks.

Eineltiskönnun er árlegur líður í Olweusaráætluninni og nú hafa nemendur í 4.-7.bekk skólans lokið könnuninni. Niðurstöðurnar úr henni munu liggja fyrir í lok janúar og verða kynntar starfsfólki skólans og foreldrum á fræðslufundi í

framhaldi af því. Á netinu má finna góðan upplýsingabækling frá Dan Olweus – Ráðleggingar til foreldra sem finna má á slóðinni:

<http://olweus.is/Einelti.pdf>.

Hvetjum við alla foreldra til þess að kynna sér hann.



Árið 2012 var lærdómsrikt og skemmtilegt og við hlökkum til að takast á við ný verkefni árið 2013.

Gleðilegt ár.

Bolette og Kristín.



Kertasmiðjan Brautarholti

486 5518

www.kertasmidjan.is



Netfang: [kertasmiðjan @web.is](mailto:kertasmiðjan@web.is)





Leikskólinn Leikholt

Leikskólinn Leikholt

Gleðilegt ár kæru sveitungar!

Af okkur er allt gott að fréttu. Við höfum verið einstaklega heppin með veðrið í vetur. Í desember kom smá snjóföl sem fraus síðan og það var nóg til þess að börnin gátu rennt sér í brekkunum ☺ dag eftir dag eftir dag. Það var mikil gleði. Síðan hlánaði og það komu margir stórir pollar sem var mjög spennandi að rannsaka. Það er bara svo gaman að sulla og drillumalla..... Framundan er spennandi vorönn, nýjar áskoranir og ný tækifæri sem færa okkur aukna reynslu og þekkingu. Við hvetjum alla áhugasama um að skoða heimasíðuna okkar, þar eru fréttir í máli og myndum. www.leikholt.skeidgnup.is

Í janúar byrja þrjú börn hjá okkur og verða þau þá samtals 33 talsins. Magnús Veigar Aðalsteinsson á fyrsta ári byrjaði hjá okkur í þessari viku. Í næstu viku byrja hjá okkur finnsk systkini Casper Isak Andre 3 ára og Freya Linda Andrea 5 ára. Við bjóðum þessi börn velkomin í leikskólann okkar.



Við höldum litlu jólin hátíðlega 20. des. sl.

Það var dansað í kring um jólatré og jólalögin sungin.

Magnea spilaði undir og jólasveinninn kíkti í heimsókn.

Eyrún Huld er 5 ára og er að læra á fiðlu. Í desember spilaði hún



tvö lög fyrir okkur. Magnea mamma hennar var henni til aðstoðar. Takk fyrir þetta mæðgur.

Arnór Ingi í salnum



T.h. Ávaxtatími hjá Smáholti: Magnús Örn, Sara Björk, Ástríður Sólveig, Bergur Tjörvi og Snorri.



Hér eru t.v: Silvía Rún, Snorri, Sara Björk, Ástríður Sólveig, Bergur Tjörvi, Tryggvi Hrafn, Bára Ingi-björg, Óðinn Þór og Árún Emma. Þessi börn eru í Smáholti en það vantar Magnús Örn og Magnús Veigar á myndina.

Kær kveðja frá börnum og starfsfólki í Leikholti.





Dósasöfnun - fjáröflun!

Dósasöfnun vegna vorferðar 10. bekkjar í Flúðaskóla... í haust!
Verðum á ferðinni seinni partinn í janúar og fram í febrúar í
neðri hluta Skeiða og Gnúpverjahrepps, um helgar.
Byrja á efstu bæjum. Vonandi takið þið vel á móti okkur.
Kær kveðja, Arnþór Ingvar. Hlemmiskeiði.



Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar
í vetur. Síminn okkar er sem áður 486 1400.
Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 um helgar
11:00 til 21:00.

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

Íþrótt og æskulýðsstyrkur !

Foreldrar, forráðamenn barna á aldrinum

6—18 ára með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Mínum á æskulýðsstyrkinn kr. 50. þúsund sem hvert barn getur nýtt
sér á þeim aldri ef viðkomandi stundar viðurkennt íþrótt eða tóm-
stundastarf. Munið að sækja um fyrir 1. mars þá nýttast nótur fyrir
haustönn 2012. Skila þarf **frumriti kvittunar eða reiknings** með
umsókninni.

Umsóknareyðublað á www.skeidgnup.is/stjornkerfið/eyðublöð.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni 486-6100.



Um leið og ég óska ykkur sveitungum mínum gleðilegs árs og þakka fyrir það liðna,
langar mig að segja ykkur frá því að ég ætla aftur að bjóða upp á heimakynningar á **Vol-
are vörunum**. Ætla ég að byrja á því að halda fyrstu kynninguna sem ykkur öllum er
boðið að mæta á. Kynningin verður haldin fimmtudaginn 24.janúar kl. 20:30 að Miðhófi
6.Frekari upplýsingar er að fá hjá Kristínu Magdalenu Ágústsdóttur, Volare söluráðgjafa
í síma/email:

690-4541/krima@mi.is.

Langar mig í leiðinni að segja
ykkur frá vöru mánaðarins sem
er All purpose rakakrem. Í
hverjum mánuði er ein vara á
sértílbóði fyrir viðskiptavinum
Volare.

Vara mánaðarins

Aloe Vera rakakrem

*Gott rakakrem á alla fjölskylduna
Einstaklega gott nú í kuldanum
Hefur reynst vel á barnaexem
og psoriasis*



Fullt verð: kr. 4.390.-
Tilboðsverð: kr. 3.512.-



Félagsvist

Ungmennafélag Skeiðahrepps stendur
fyrir þriggja kvölda félagsvist í
bókasafninu Brautarholti.

Spilakvöldin verða sem hér segir:

- **Föstudagskvöldið 1. febrúar**
- **Föstudagskvöldið 8. febrúar**
- **Föstudagskvöldið 15. febrúar**

Öll kvöldin byrja stundvíslega kl. 20:00.
Spilakortið kostar kr. 500 og veglegir
vinningar eru í boði.

*Vonumst til að sjá sem flesta , unga sem aldna,
koma og spila félagsvist í góðum félagsskap.*



Umf Skeiðahrepps.





Fyrstu samlestrar á leikritinu Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson voru nú um helgina 11.– 13. janúar. 2013. Það er Leikdeild UMF Gnúpverja sem hefur veg og vanda að sýningunni. Biskupstungnamenn urðu þó að hlaupa undir bagga með þeim eins og stundum áður, en hópurinn er góður eins og sjá má og verkið skemmtilegt.



Ekki er búið að dagsetja frumsýningu en sýnt verður í Árnesi. Leikstjórinn, Svandís Dóra Einarsdóttir er fremst t.v. ásamt leikurunum.

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftirfarandi styrki fyrir árið 2013

- a) verkefnastyrki
- b) stofn og rekstrarstyrki til menningarmála. (Styrkir sem Alþingi veitti áður)

Umsóknarfrestur er til 17. febrúar.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Menningarráðs: www.sunnanmenning.is

Dorothee Lubecki menningarfulltrúi Suðurlands verður til viðtals á sveitarstofu í Árnesi mánudaginn 4. febrúar kl. 11:30 -13:30

Allir velkomnir.



Til hamingju með ljósleiðarann íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Laugardaginn 12. janúar héldum við upp á þau tímamót að ljósleiðari var kominn í hvert hús í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þetta eru sannanlega stór tímamót.

Við í Skeiða- og Gnúpverjahreppi erum sannfærð um að ljósleiðari sé sú hraðbraut sem við þurfum til að fara um inn í framtíðina og eins er ljósleiðarinn ákjósanleg leið fyrir framtíðina að koma til okkar.

Því það sem ljósleiðarinn hefur umfram aðrar gagnaflutningsaðferðir er að hann er hraðvirkur í báðar áttir.

Við erum hvorki fyrst né síðust til að koma okkur upp ljósleiðaraneti. Deila má um hvort það sé hlutverk sveitarfélaga að gera slíkt. Við í sveitarstjórninni erum sannfærð um að til þess að allir íbúar njóti sömu gæða í fjarskiptum og í þessu tilfelli þeirra bestu, hafi þurft inn grip sveitarfélagsins. Þetta var tækifæri sem ekki var hægt að láta ganga sér úr greipum.

Þegar að ríkið seldi símann þá voru uppi háværar raddir um það að ekki ætti að selja grunnetið. Á þeim tíma ríkti mikil bjartsýni um að þráðlaust net væri samkeppnishæft við grunnetið og því væri ekki þörf fyrir ríkið að eiga það.

Því urðu þessar raddir undir og grunnetið selt.

Ég tel að það sé hlutverk hins opinbera að reka grunnet fjarskipta eins og vegakerfið, en ekki einkaaðila. Á næstu misserum verður bylting í ljósleiðaramálum á Íslandi þegar hvert sveitarfélagið af öðru fer sömu leið og við. Í framhaldinu vona ég að ríki og sveitarfélög beri gæfu til að koma grunnetinu í varanlega eigu hins opinbera. Vel mætti hugsa sér samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Síðustu árin hafa einkennst af tækniframförum í gagnaflutningsmálum bæði hvað varðar þráðlausa tækni og tækni til að flytja gögn um þráð.

Það frumkvöðlastarf sem Ábótinn og fleiri sinntu við sölu þráðlausra netsambanda á þessu svæði og víðar var ákveðið skref í þróuninni.

Á tímabili virtist sú tækni líkleg til brúks, en smám saman varð flestum ljóst að ef við ætluðum að hafa netsamband eins og best væri á kosið, kæmi ekkert annað til greina en ljósleiðari.

Frá því að Skeiða – og Gnúpverjahreppur seldi sinn hlut í Límtré hefur það verið ætlun sveitarstjórnar að leggja þá peninga í annan atvinnurekstur. Það er alltaf varhugavert fyrir opinbera aðila að grípa inn í atvinnulífið með sértækum hætti.

Á sama hátt og bætt vegakerfi skapaði öllum íbúum bætt tækifæri til atvinnusköpunar á síðustu öld þá er ljósleiðarinn atvinnutækifæri framtíðarinnar. Á sama hátt og þeir sem áttu farartæki sem komust yfir vegleysur seldu þau og færðu sig yfir á vegina með afkastameiri bíla þá munu þeir sem nú flytja gögn okkar um vegleysur loftsins eða seinfarna vegi koparsins hafa tækifæri til að fara á gagnahraðbrautina.

Þegar hagsmunir Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fóru saman í bættu netsambandi var farið að skoða málin fyrir alvöru, og ákveðin grundvöllur varð fyrir því að bæta fjarskiptasambandið.

Fyrst var skoðuð sú leið að koma upp kröftugu þráðlausu sambandi en með þroskun hugmynda komust menn að þeirri niðurstöðu að það að leggja ljósleiðara um sveitina væri

Þegar hugmyndin um ljósleiðarann var nægilega þroskuð var farið af stað. Útreikningar sýndu að þetta væri hægt. Í upphafi voru teknar ákvarðanir sem ekki hefur verið kvikað frá, nokkurs konar leiðarstef við framkvæmdina, annars vegar að öllum íbúum sem hefðu lögheimili í sveitinni yrði boðin frí tenging gegn loforði um tveggja ára áskrift og að allir þjónustuaðilar sem þess óskuðu fengju aðstöðu. Eftirspurn eftir að þjóna okkur með netsamband er mikil og fer vaxandi. Hver fattaði svo upp að þessu?

Svona hugmyndir eins og að leggja ljósleiðara um heila dreifbýlissveit er þroskun hugmynda. Einn stingur upp á þessu og annar hinu. Hugmyndir sveima. Síðan læra menn af því sem aðrir gera.

Frá því að fyrstu hugmyndir komu upp um að bæta netsamband í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa sveitarstjórnarmenn verið sammála og einhuga um verkið.

Hugmyndir sveima en til þess að þær verði að veruleika þarf að framkvæma þær. Finna lausnir. Að öðrum ólöstuðum vil ég nefna Gunnar Örn Marteinnsson fyrrverandi oddvita í þessu samhengi. Áhugi hans á verkefninu skilaði því inn í raunveruleikann.

Á framkvæmdarstiginu höfðum við úrvals mannskap. Hvort sem um var að ræða ráðgjafa og eftirlitsmenn einnig framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og fjarskiptafélagsins Kristófer Tómasson nú og þá sem framkvæmdu verkið, lögðu strengi og blésu þæði.



Báru ljósið inn í húsinn.

Margur á skilið mikið hrós

nú megabit flæða um hús og um fjós.

En margir nú spyrja

hvenær skal byrja,

þegar Ögmundur leiðir í ljós.

Skafti Bjarnason

Veiðiréttur í Fossá í Þjórsárdal.

Veiðiréttur í Fossá í Þjórsárdal er til leigu, óskað er eftir tilboðum.

Leigutímabilið er frá 2013 til 2016 að báðum árum meðtöldum.

Leigutaka verður skylt að selja veiðileyfi til almennings. Upplýsingar veita Kristófer sveitarstjóri í síma 486-6100 eða 861-7150

netfang: kristofer@skeidgnup.is og Hreinn Óskarsson

skógarvörður í síma 470-2080 netfang: hreinn@skogur.is

Tilboðum skal skila á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi síðar en miðvikudag 30. janúar.



**Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Skógrækt ríkisins**

40. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 08. janúar 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar : Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Harpa Dís Harðardóttir. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Björgvin Skafti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir einu máli yrði bætt á dagskrá fundarins. Beiðni Ásahrepps um inngöngu í byggðasamlag um Skipulags- og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Hún var samþykkt. Árni Stefán Jónsson og Heiðar Sigtryggsson mættu til fundar vegna 1. liðar á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál að Vorsabæ 2. Varðandi fyrirhugaðrar uppsetningar á vindmyllum. Til fundar mættu Heiðar Sigtryggsson og Árni Stefán Jónsson vegna málsins. Þeir eru eigendur tveggja sumarhúsa og 24.8 hektara spildu að Vorsabæ. Húsin eru staðsett í 1-1,3 km fjarlægð frá fyrirhuguðum vindmyllum. Þeir höfðu gert athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir. Oddviti gaf þeim orðið. Þeir lýstu áhyggjum sínum vegna þessa.

Árni benti á að sveitarstjórn þyrfti að mynda sér stefnu um hvar ætti að leyfa uppbyggingu vindmylla. Hann benti á að þörf væri á að fram færu rannsóknir á vindstyrk og veðráttu. Auk þess þyrfti að huga að hávaðamengun. Heiðar spurði hver væri efnahagslegur eða félagslegur ávinningur sveitarfélagsins af uppbyggingu vindmylla sem þessara, hann sagðist ekki hafa trú á að þau væru nein. Ennfremur greindi Heiðar frá áhyggjum sínum af sjónmengun af áður-nefndri framkvæmd.

Gunnar benti á að hugsanlega væri verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að samþykkja uppbyggingu sem þessa. Kvaðst samt alls ekki vera mótfallinn vindmyllum. Hann sagðist skilja sjónarmið Heiðars og Árna. Árni kvaðst hafa áhyggjur af því að ef heimilað yrði að byggja tvær vindmyllur þá gæti orðið erfitt neita uppbyggingu á fleiri vindmyllum.

Árni og Heiðar viku af fundi.

Skafti ræddi þann möguleika að vísa málinu til umfjöllunar hjá Skipulags- og bygginga-nefndar. Jón Vilmundarson kvaðst samþykkur því. Gunnar benti á að málinu hefði verið hafnað í nóvember síðastliðnum og taldi fátt hafa komið fram í málinu síðan þá.

Skafti lagði fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps Vísar aðal-skipulagstillögu um Vorsabæ til skipulags og bygginganefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps til efnislegrar umfjöllunar.

Tillaga samþykkt með fjórum atkvæðum. Björgvin Skafti, Jón Vilmundarson Oddur Bjarnason og Harpa Harðardóttir voru samþykkt.

Gunnar Örn Marteinsson greiddi atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

Tel ekki ásættanlegt að breyta landnotkun í þá veru sem hér er um sótt vegna sjónrænna áhrifa af framkvæmdinni og tel því að hafna beri beiðninni um breytingu á aðalskipulaginu.

2. Beiðni um húsaleigustyrk frá kvenf. Gnúpverja.2013. Lagt fram.
3. Umsögn um breytingu á lögum um Gatnagerðargjald lög nr. 290. Ekki er gerð athugasemd við breytingu laganna.

4. Fyrirkomulag styrkjamála. Samþykkt að félög og kórar er starfa í sveitarfélaginu geti fengið afslátt af húsaleigu í félagsheimilum sveitarfélagsins eða öðru húsnæði í eigu þess.
5. Beiðni um styrk til eldvarnarátaks frá LSS. Beiðni vísað til Brunavarna Árnassýslu.
6. Kaffistofa samhjalpar. Beiðni um styrk. Samþykkt að veita kr. 15.000 til málsins.
7. Landbótafélag Gnúpverja beiðni um styrk. Greiðsla vegna áranna 2012 og 2013 samkvæmt samningi milli landbótafélags Gnúpverja og Skeiða og Gnúpverjahrepps samþykkt.
8. Umsókn um styrk vegna tónleikahalds. Samþykkt að veita kr.60.000 til verkefnisins.
9. Uppsögn samninga um tjaldsvæði við Árnes og í Brautarholti. Samþykkt að segja upp samningum.
10. Brunavarnir Árnassýslu kauptilboð og samningur vegna Árvegar 1. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um málið.
11. Fundargerð Fræðslunefndar Flúðaskóla. Fundargerð samþykkt.
12. 54 fundur Skipulag og Byggingafulltrúa mál nr. 1, 15,16 og 17 þarfnast umfjöllunar.
Mál nr. 1 samþykkt samhljóða. Mál nr. 15. Samþykkt samhljóða. Mál nr. 16. Samþykkt samhljóða. Mál nr. 17. Samþykkt samhljóða.
13. Deiliskipulag fyrir Mörk.
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember 2012 varðandi deiliskipulag lögbýlisins Mörk úr landi Kílhrauns. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á fundi 25. júlí 2012 að auglýsa deiliskipulagstillöguna og sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu nefndarinnar 14. ágúst.
En þar sem málið var ekki tekið fyrir sérstaklega á fundi sveitarstjórnar lítur Skipulagsstofnun svo á að sveitarstjórn hafi ekki tekið afstöðu til málsins og þess vegna hafi ekki verið heimilt að auglýsa tillöguna. Að auki er gerðar nokkrar athugasemdir við tillöguna auk þess sem leita þarf að nýju að umsögnum.
Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar gerðar hafa verið lagfæringar á gögnum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Skipulagsfulltrúa er einnig falið að leita víðeigandi umsagna.
14. Samningur um Þjónustusvæði um þjónustu við fatlaða. Samningur staðfestur af sveitarstjórn
15. Skógræktarfélag Íslands. Erindi lagt fram og kynnt.
16. Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara og öryrkja. Samþykkt tekjuviðmið eldri borgara og öryrkja á grundvelli samþykktar á sveitarstjórnarfundi 7. Febrúar 2006.
17. Þóknun sveitarstjórnarmanna. Lögð var fram tillaga að breytingu á samþykkt sveitarstjórnar frá 30.06. 2010. 8. Lið um launakjör sveitarstjórnarfólks. Samþykkt að laun fyrir vinnufundi sveitarstjórnarfólks verði 4 % af þingfararkaupi.
18. Starfssamningur oddvita. Samningur lagður fram og samþykktur.
19. Samningur við Steinsholt sf og framvinda arkitektavinnu í Þjórsárdal. Á fundi 23.apríl 2012 var samþykkt að leggja 1 mkr til skipulagsvinnu í Þjórsárdal. Samningur var gerður við Steinsholt sf um verkefnið. Samþykkt samhljóða að leggja 1,2 mkr til verkefnisins til viðbótar. Jafnframt samþykkt að funda með Gísla um lokaáfangi verkefnisins.
20. Bréf frá úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála. Samþykkt að fela Lögmönnum Suðurlandi að svara ofangreindu bréfi.
21. Breyting á nefndarskipan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Tillaga var lögð fram um eftirfarandi breytingar á nefndarskipan í Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
Í skipulags og byggingarnefnd er lagt til að Björgvin Skafti verði varamaður í stað Gunnars Arnar Marteinsonar. Í Héraðsnefnd er lagt til að Björgvin Skafti Bjarnason verði fulltrúi í stað Gunnars Arnar Marteinsonar.

Fræðslunefnd Flúðaskóla Helga Kolbeinsdóttir sem varamaður í stað Sigurðar Kárasonar. Í Umhverfisnefnd er lagt til að Jóhannes Eggertsson verði varamaður í stað Huldu M. Þorláksdóttur. Á landsfund Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Björgvin Skafti Bjarnason í stað Gunnars Arnar Marteinsonar. Tillaga samþykkt samhljóða.

22. Tryggingar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjóri tilkynnti niðurstöður tilboða er borist höfðu tryggingar sveitarfélagsins. VÍS átti lægsta tilboð. Samþykkt var að fela sveitarstjóra að undirrita samning við VÍS.
23. Beiðni Ásahrepps um aðild að byggðasamlagi um Skipulags og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir fyrir sitt leyti aðild Ásahrepps og fagnar innkomu þeirra.
24. Oddviti sagði frá fundi með forsvarsmönnum Strætó BS um möguleika á aðkomu Strætó að akstri frá Sandlækjarholti að Árnesi.
25. Oddviti sagði frá fundi með forsvarsmönnum Árnesingafélagsins varðandi Áshildarmýri.

Mál til kynningar

- A. 13. fundur Brunavarna Árnessýslu.
 - B. 91. fundargerð fulltrúaráðs BÍ 13. des.12.
 - C. 107. fundargerð stjórnar BÍ 13. des.12.
 - D. 143. fundur stj. Skólaskrifstofu Suðurlands.
 - E. 144. fundur stj. Skólaskrifstofu Suðurlands.
 - F. Framhaldsframkvæmdir í Áshildarmýri.
 - G. Fundargerð Samb. ísl sveitarfélaga nr. 802.
 - H. Afgreiðsla Byggingafulltrúa nr. 91.
 - I. Skýrsla sveitarstjóra.
- Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.
Fundu slitið kl : 17:00
Næsti fundur ákveðinn 05. febrúar næstkomandi.

Viðvera oddvita alla þriðjudaga kl. 09-12

Björgvin Skafti Bjarnason oddviti verður með viðtalstíma alla þriðjudaga kl. 09 - 12 í fundarherbergi skrifstofunnar í Árnesi.

Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.
Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði





Íslenska I og II

Flúðir

Fræðslunet Suðurlands áformar að halda íslenskunámskeið I og II fyrir útlendinga á Flúðum, vorönn 2013 um leið og næg þátttaka fæst. Hvort námskeið er 60 stundir.

Þátttakendur þurfa að hafa íslenska kennitölu.

Kennarar:

Evelyn Bryner og Anna Kristjana
Ásmundsdóttir

Nánari upplýsingar og innritun á

www.fraedslunet.is | frae-
dslunet@fraedslunet.is
og í síma 560 2030

Athugið innritun lýkur 25. janúar!

Nauthagagirðingin.

Förum aðeins aftur til ársins 1963 en þá fór ég í lönguleitina. Þegar leið á sumarið ákváðu sveitarstjórnarmenn í Gnúpverjahreppi, að vinna að ýmsum lagfæringum á afréttinum til hagsbóta fyrir leitarmenn. M.a. var ákveðið að setja upp hestagirðingu í Nauthaga. Þar áttu lönguleitarar náttstað. Þar var mikið gras og volg lind, en landið mjög blautt og flatt og því illt að finna þurrt tjaldstæði. Girðingarefnið var flutt á dráttarvél síðla sumars inn fyrir Hnífá. Þar beið efnið lönguleitara, sem bundu það í klyfjar og reiddu það inn í Nauthaga. Um kvöldið sem þangað var komið hófust menn handa við að reka niður staura og strengja vír á. Var girðingin um það bil 210 m að lengd, eða nærri 0,5 ha. Lögðust fjallmenn til hvílu í tjöldum sínum að kvöldi í SA átt allhvassri og slydduéljum.

Ekki varð öllum svefnsamt um nóttina því eftir sem á leið herti vind og kólnaði talsvert þegar vindur snerist til norðanáttar. Tjaldstæðið blautt og tjöldin botnlaus en segldúkur sem lagður var sem undirlag dró í gegnum sig vatn sem síðan síaðist upp í svefnpokana. Það fór því svo að nóttin var flestum erfið, svefnlaus og köld. Að morgni, í birtingu var búist til brottferðar, hluti hópsins fór að smala inn í Arnarfell en hinir að taka upp tjöldin og búa upp á hestana, en þeirra beið að smala verin sunnan Miklukvíslar, austur að Bólstað. Þá var komið nokkurt frost og reipin stokkfreðin svo illa gekk að binda trússið í klyfjar.

Reyndar gekk það vel eftir að reipin höfðu verið lögð í volga lindina svo þau þiðnuðu. Þegar við komum í kofann á Bólstað voru þar fyrir fjórir þjóðverjar, sem ætluðu sér að sigla á gúmmibát niður Þjórsá.

Segir ekki annað af fjallferðinni þetta haust, en allan tímann var mjög slæmt veður og m.a. var ekki hægt að smala úr Gljúfurleit fram í Hólaskóg og má telja mildi að enginn skildi týnast þann dag þó flestir reyndu að halda hópinn, slíkt aftakaveður var.

Girðingin í Nauthaganum var ekki notuð nema í nokkur ár. Hætt var að hafa þar næturdvöl og þess í stað legið í tvær nætur á Bólstað, jafnframt var farið að flytja trússið á dráttarvélum, en á þeim farartækjum var ekki fært með góðu móti í Nauthagann.

Girðingin gekk úr sér, vírin slitnaði og staurar brotnuðu, auk þess flæddi jökulkvísl frá Hjartafelli þar yfir og skildi eftir leir og mól svo þarna varð eitt drullusvað. Jarðvegurinn umhverfis staurana hækkaði og störin, sem er kjarnmikil, var langt komin með að kaffæra þá. Ég hefi átt því láni að fagna að komast á þessar slóðir um haust og einnig að vetrarlagi. Það snart mig nokkuð að sjá þetta “mannvirki” umkomulaust og í niðurníðslu og engum til gagns.

Haustið 2003, þegar liðin voru 40 ár frá uppsetningu girðingarinnar ákvað ég að reyna eitthvað til að bæta ástandið og fjarlægja staura og vír. Ég fékk að fara sem aukamaður í fjallsafn og er þakklátur fyrir það. Hafði ég með mér reiðingshest í Nauthagann því ég ætlaði að reiða góssið upp í Nautöldu, en þangað er akfært síðla sumars. Eftir góða aðstoð allra lönguleitaranna við að rífa upp girðinguna, eða það sem af henni náðist, kom ekki til greina að reyna flutning á hesti. Það hefði tekið of langan tíma því staurarnir voru svo þungir, sennilega 20-30 kg.

Aðgerðum var því frestað og liðu nú rúm þrjú ár.

Frá þessum tíma hefi ég oft hugsað um blessaða girðinguna og s.l. vetur oft hugað að veðri til þess að komast inneftir á vélsleða. Það tækifæri gafst svo 29. mars s.l. förum við Gissur Kolbeinsson á tveimur vélsleðum og fluttum girðingarleifarnar niður að húsinu í Tjarnarveri. Þar má taka það á annað flutninga-tæki og flytja til byggða. Eitt skyggir þó á. Tvær gaddavírshankir voru svo niðurfrosnar að ekki var nokkur leið að ná þeim lausum og biða þær því betri tíma. Skrifað á páskadag 8. apríl 2007

Ólafur Íshólm Jónsson. Stekkholti 6, Selfossi.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Lesið nýju bækurnar.

Góð bók, gulli betri!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

www.gegnir.is



*Velferðarþjónusta Árnesþings
í Laugarási*

480-1180 Fax: 480-1181

Heimasíða: www.laugaras.is


Félagsmálastjóri : *María Kristjánsdóttir*



Á bak við eldavélina!

(Helga Guðlaugsdóttir leikskólakennari í Brautarholti leggur til uppskriftina í fyrsta blað ársins.)

Ég þakka þann heiður að fá að vera fyrst bak við eldavélina á nýju ári 2013. Eldamenska mín er nú með þeim hætti að ég á mjög erfitt með að fara nákvæmlega eftir uppskriftum. Oft er tveimur til þremur blandað saman eða slumpur hér og dass þar eftir því hvað er til í kotinu af hráefni og íblöndunarefnum. Vegna þessa reynist mér stundum erfitt að miðla áfram mínum gómsætu réttum. Slumpur og dass eru nefnilega mjög óræð magn- eða stærðarhugtök. En eftir allt kjötát jóla og áraskipta held ég að sé gott að skella í einn hollan og góðan fiskrétt, með nokkuð áreiðanlegum upplýsingum.



Gratíneraður fiskur með grænmeti og rækjum (átlaður fyrir 4)

1½ dl hrísgrjón
400 g fiskflök, t.d. ýsa eða karfi
100g blaðlaukur
100 g soðnar gulrætur (má nota niðursoðnar eða frosnar)
200 g rækjur
½ tsk salt
½ tsk pipar
2 eggjarauður
2 eggjahvítur
150 g majónes (8 msk)
75 g sýrður rjómi (4 msk)
150 g rifinn ostur



Hrísgrjónin eru soðin í léttisöltu vatni í 14 mínútur og sett í smurt eldfast form. Sjóðið gulrætur og sneiðið. Þær eru síðan settar ásamt sneiddum blaðlauk ofan á hrísgrjónin. Fiskurinn er roðflettur og skorinn í sneiðar. Raðið honum og rækjunum ofan á hrísgrjón og grænmeti. Þeytið saman eggjarauður, majónes og sýrðan rjóma. Blandið osti saman við og kryddið með salti og pipar. Stífþeytið eggjahvítturnar og hrærið varlega saman við majónesblönduna. Blöndunni er að lokum hellt yfir fiskinn og hann bakaður í 175-190°C heitum ofni í 20 til 25 mínútur. Gott að bera fram með góðu hrásalati
Verði ykkur að góðu ☺



Ég ætla að skora á ungann nágranna minn Guðmund Heiðar Ágústsson að koma með uppskrift í næsta fréttabréf. Ég veit að Gummi er mikill áhugamaður um mat og á örugglega eitthvað upphalds sem hann er tilbúinn að deila með okkur.

Bestu kveðjur. Helga.

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

**Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!
Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð**




Bjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykki, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsubrauð og tómatabrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

Giesser hnífar í
úrvali fyrir slátrun,
kjöt og fiskvinnslu
Margverðlaunaðir
"BEST CUT" hnífar.



Alltaf til Cemtec skeifur í öllum stærðum!

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006



**LAGNA
POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Kort af afréttum milli Þjórsár og Hvítár!

Til sölu á skrifstofunni í Árnesi er endurútgefna óbyggðakortið af af-
réttum Gnúpverja, Skeiðamanna, Flóamanna og Hrunamanna og
kostar **kr. 500.—** Gott í vasann og eykur **öryggi** ferðalanga!



Menn og Málefni!



Sigurlaug Þ. Reimarsdóttir og Grétar Ólafsson í Hraunhólum eignuðust dreng þann 16. desember. s.l. Hann vó 3.340 gr og 49 cm og stóra systir hans er hún Söldís Dúna sem er sex ára. Við sendum þeim okkar innilegustu hamingjuóskir með litla drenginn.



Ragna Hjördís Hannesdóttir, Hamragerði 11, Árnesi útskrifaðist sem stúdent af viðskipta—og hagfræðibraut frá FSu Selfossi þann 21. desember s.l.

Gísli Viðar Oddsson Stöðulfelli útskrifaðist 2012 sem meistari í vélvirkjun frá Meistaraskóla Íslands.

Við óskum þeim Hjördísi og Gísla hjartanlega til hamingju með áfangann!



LEIKFIMI – LEIKFIMI – LEIKFIMI

Nýtt námskeið í leikfimi fyrir konur verður haldið í Brautarholti. Fyrsti tíminn byrjar mánudaginn 14. janúar og verður leikfimin tvisvar í viku, **mánudögum** og **miðvikudögum** kl. 19:00 – 20:00. Þessi leikfimi er fjölbreytt og góð fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur. Kennarar eru Ragnheiður Katrín og Eygló Linda frá Lifandi Húsi. Hægt er að skrá sig á námskeiðið eftir að það er byrjað og einnig er hægt að vera einn dag í viku.

ZUMBA – ZUMBA !

Zumba námskeið verður haldið í Brautarholti á **þriðjudögum** og **fimmtudögum** kl. 19:00 – 20:00. Áætlað er að byrja 22. janúar nk. kennari er Silja Þorsteinsdóttir. Einnig er hægt að vera einn dag í viku. Skráning fer fram á bæði námskeiðin hjá Jóu í síma 8646101 og Millu í síma 6912453.

Kvenfélag Skeiðahrepps



Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og pökkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Mæti í Skeiðalaug með nuddbekkinn góða

næstu fimmtudagskvöld. Hafið samband þeir sem áhuga hafa í síma 4866081/8650329 eða í tölvupósti laxdal@uppsveitir.is

Bestu nýárskveðjur Kristín Laxárdal.

Frá happdrætti S.Í.B.S.

Umboðið í Fossnesi hefur hætt störfum og er miðaeigendum bent á aðalumboðið í Reykjavík.

Síminn er 560-4800 og hafið samband við Lindu.

Engin breyting verður hjá Visakorts greiðendum

Ég þakka kærlega fyrir samskiptin á liðnum árum.

Kær kveðja. Sigrún Fossnesi.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Saltsteinar - steinefna- og vítamínblokkir - steinefnafötur

Saltsteinn Natur



10 kg.

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár

Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Saltsteinn Plus



10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Steinefnablokk- Uniblock



10 kg.

Steinefna- og bætiefna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Vítamínblokk Vitablock



10 kg.

Vítamínblokk sem inniheldur flest þau vítamín og snefilefni sem búfe þarf til að fódraast vel. Hentar ekki sauðfé.

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bætiefna fata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



SU1000120
Vatnsd. grænn -
gæðaplast



SU1000066
Vatnsd. svartur
plasthúðað stál



SU1001210
Vatnsd. Grænn,
Stór/plast



SU1001200
Vatnsd. stór
Ryðfrír



SU1000130
Vatnsd. Grænn
plast m/floth.



SU1000033
Vatnsd. Svartur
m/flotholti og hita



SU1600102
Drykkjarkar 80 L



SU1000545
Vatnsd. m/dælu
fyrir beitarhólf



SU1000041
Vatnsd. grænn
m/tungu og hita



SU1310513
Flotholt í húsi
f/drykkjarkör



SU1800326
Nippilstútur



Opið í sundlaugum Skeiða- og Gnúpverjahrepps veturinn 2012-2013

Neslaug

Skeiðalaug

priðjudaga: 18 – 22

Fimmtudaga: 18 – 22

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitar-
félaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu!

Umsjónarmaður.

Opnunartímar gámsvæða. Vetraropnun til 01. maí!



Opnunartímar gámsvæða, í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Vetraropnun til 01. maí verður eftirfarandi:



Við Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga
kl 9:00 - 10:30 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Við Brautarholt: mánudaga og miðvikudaga
kl 9:00 – 10:30 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.



Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum
gámastöðvunum.

Ef farga þarf dýrahraejum utan auglýsts opnunartíma er bent á að
hafa samband í **síma 893-4426.**

Reglur um flokkunina verða sendar á hvert heimili en eru einnig
aðgengilegar á **www.skeidgnup.is** Góðfúslega kynnið ykkur þær.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á
gámsvæðinu við Brautarholt og við Áhaldahúsið í Árnesi!